

# Afkoma á SUNNU-búum árin 2005 til 2009

Samanburður 11 „bestu búa“ við  
meðaltal SUNNU-búa



Eggert Þróstur Þórarinsson  
Runólfur Sigursveinsson

Búnaðarsambandi Suðurlands  
október 2010

## Efnisyfirlit

	Bls.
1. Inngangur.....	3
2. Samanburður á kostnaði á Sunnu-búunum.....	3
3. Niðurstöður.....	4
3.1. Tekjur.....	5
3.2. Breytilegur kostnaður.....	6
3.3. Framlegð.....	8
3.4. Fastur kostnaður.....	9
3.5. Rekstrarniðurstaða og efnahagur.....	10
4. Umræður um niðurstöður.....	11
5. Samantekt.....	12

## 1. Inngangur

Árið 1998 hófst Sunnu-verkefni Búnaðarsambands Suðurlands, markmiðstengd búrekstrarráðgjöf í nautgriparækt. Markmið verkefnisins var í upphafi, og er enn, að bæta rekstrarafkomu viðkomandi bú og að ná færni í skipulögðum vinnubrögðum við bústjórnina. Þátttaka hefur verið góð og sá kjarni sem hóf þátttöku, 38 bú, hafa haldið áfram þátttöku til dagsins í dag, nema þau bú sem hafa hætt framleiðslu eða verið seld til annarra bænda. Jafnframt hafa önnur bú komið inn í verkefnið á síðari stigum.

Síðustu ár hafa milli 70 til 80 bú skilað gögnum í verkefnið. Árlega er unnin rekstrargreining og SVÓT-greining fyrir hvert og eitt bú, svo er reynt að heimsækja hvert bú árlega þar sem farið er yfir niðurstöður liðins árs. Þá er unninn samanburður til að bera saman helstu lykiltölur sömu bú milli tveggja síðustu ára, oft eru 40 til 50 bú í þeim samanburði sem gerður er í júní. Loks er verkefnið í heild gert upp síðla árs með svokölluðu samanburðarblaði sem sent hverjum og einum þátttakanda, þar sem viðkomandi bóndi getur séð hvernig hann er að standa sig í samanburði við aðra bændur í verkefninu.

## 2. Samanburður á kostnaði á Sunnu-búunum

Þegar farið er að velta fyrir sér þróun kostnaðar við mjólkurframleiðslu er hægt að gera það á nokkra mismunandi vegu. Ólíkar kennitölur geta gefið ólíkar niðurstöður. Framlegð, framlegðarstig, framlegð á árskú og breytilegur kostnaður á lítra gefa hvað gleggsta mynd af afkomu í greininni. Þessar kennitölur hafa allar bæði kosti og galla. Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að skoða sérstaklega breytilegan kostnað á lítra. Bú með lægstan breytilegan kostnað á lítra eiga að vera að framleiða ódýrustu mjólkkin burt séð frá fjárfestingum búanna í húsum eða kvóta. Niðurstöður síðustu ára hafa sýnt að allmikill breytileiki er innan Sunnu-hópsins á einstökum kostnaðarliðum innan breytilegs kostnaðar.

Aðferðafræðin sem notuð var til að skoða breytilegan kostnað var skilgreind eftirfarandi:

- Skoðaðar niðurstöður síðustu 5 ár, með tillit til breytilegs kostnaðar á einstökum búum.
- Valið til að byrja með 20 bú úrtak hvert ár, þau 20 bú sem voru með lægstan breytilegan kostnað á lítra hvert ár fyrir sig.
- Eftir þessa fyrstu skoðun, var kannað hversu mörg bú í hópnum voru á þessum 20 bú lista öll árin eða 4 ár af 5. Í ljós kom að 11 bú uppfylltu þessar kröfur.
- Samanburður hér á eftir byggir á þessum grunni, þessi 11 bú eru borin saman við meðaltal hvers ár í einstökum kostnaðarliðum. Til viðbótar var einnig greind sérstaklega stærð samanburðarbúanna í samanburði við meðaltal hvers árs, auk nokkurra annarra mælistærða.
- Í meðaltali allra bú eru jafnframt þessi 11 bú sem úrtakið byggir á, sem bendir til þess raunverulegur munur milli hópanna eru meiri en fram kemur í úttektinni.
- Sá hópur sem kom til skoðunar í framangreindu úrtaki þurfti einnig að uppfylla þær kröfur að hlutfall búgreinatekna af annarri starfsemi en mjólkurframleiðslu og nautgripakjöti færi ekki yfir ákveðið hlutfall, nálægt 10% (10 kr/l árið 2007, framreiknað með verðlagsbreytingum fyrir önnur ár). Þetta var gert til að útiloka sem mest áhrif annarra búgreina á niðurstöðurnar. Með þessu móti fæst mjög hreinn samanburður á tekjum og kostnaði sérhæfðra kúabúa.

### 3. Niðurstöður

Hér á eftir koma rekstrarniðurstöður fyrir Sunnu-búin frá árunum 2005-2009 og samanburður við viðmiðunarhópinn, sem lýst var hér að framan, fyrir sama tímabil. Hafa þeir í huga að viðmiðunarhópurinn er einnig inn í rekstrarniðurstöðunni fyrir Sunnu-búin. Þær tölur eiga því að sýna raunverulegt meðal Sunnu-bú. Rétt er að taka fram áður en lengra er haldið að öll meðaltöl er hér eru birt eru bein meðaltöl, ekki vegin meðaltöl. Í **töflu 1** má sjá að þau Sunnu-bú sem teljast til hreinna kúabúa fækka heldur með árunum. Þarna spilar inn í að einstaka bú hafa hætt rekstri, önnur hafa farið út í aðra atvinnustarfssemi samhliða s.s. kornþurrkun, vélaútgerð, sauðfjárrækt eða heysölu. Við það kunna rekstrartölur þeirra að falla út úr samanburðinum þar sem þau eru ekki lengur skilgreind sem hrein kúabú. Búin sem skilgreind eru sem hrein kúabú eru að framleiða milli 11-12% af landsframleiðslunni í mjólk yfir tímabilið. Innlagt magn eykst nokkuð sérlega í upphafi tímabilsins og á síðari hluta tímabilsins er nokkur framleiðsla umfram greiðslumark, en innlagt magn eftir árskú er svipað öll árin. Í **töflu 2** má sjá sambærilegan samanburð fyrir viðmiðunarhópinn, þau bú

**Tafla 1.** Bústærð og framleitt magn í lítrum hjá meðal Sunnu-búinu.

<b>Meðaltal Sunnu-búanna</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>
Fjöldi búa	65	67	60	57	54
Innlögð mjólk [lítrar]	206.656	231.657	256.374	246.233	253.358
Greiðslumark [lítrar]	206.450	224.040	230.706	230.288	227.188
Framleiðsla umfram greiðslumark [%]	0,10%	3,40%	11,13%	6,92%	11,52%
Árskýr	40,2	43,6	48,1	47,0	47,6
Innlagt á árskú [lítrar]	5.142	5.309	5.328	5.238	5.323

sem höfðu að jafnaði yfir þetta 5 ára tímabil lægstan breytilegan kostnað. Þessi 11 bú eru að framleiða tæp 3% af landsframleiðslunni, og eykst framleiðsla þeirra einnig eru líður á tímabilið. Innlagt á árskú er að meðaltali nánast sama talan fyrir báða hópanna.

**Tafla 2.** Bústærð og framleitt magn í lítrum hjá 11 bestu Sunnu-búunum í BK.

<b>Meðaltal 11 lægstu Sunnu-búa í BK</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>
Fjöldi búa	11	11	11	11	11
Innlögð mjólk [lítrar]	227.360	252.104	305.156	316.458	322.267
Greiðslumark [lítrar]	229.593	275.860	258.486	271.143	268.608
Framleiðsla umfram greiðslumark [%]	-0,97%	-8,61%	18,06%	16,71%	19,98%
Árskýr	45,6	47,6	56,3	59,9	60,5
Innlagt á árskú [lítrar]	4.983	5.300	5.417	5.287	5.330

Í **töflu 3** má sjá frekari greiningu á einstaka þáttum úr **töflum 1 og 2**. Þar má sjá að innlagt magn er mun meira hjá búunum með lægstan breytilegan kostnað, allt að 20% meiri. Á móti er framleiðsla umfram greiðslumark einnig meiri hjá þeim hópi.

**Tafla 3.** Samanburður milli hópanna tveggja.

	Innlögð mjólk			Framleiðsla umfram greiðslumark		
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
<b>2005</b>	206.656	227.360	9,1%	0,1%	-1,0%	-1,1%
<b>2006</b>	231.657	252.104	8,1%	3,4%	-8,6%	-12,0%
<b>2007</b>	256.374	305.156	16,0%	11,1%	18,1%	6,9%
<b>2008</b>	246.233	316.458	22,2%	6,9%	16,7%	9,8%
<b>2009</b>	253.358	322.267	21,4%	11,5%	20,0%	8,5%
<b>Meðaltal</b>	238.856	284.669	15,4%	6,6%	9,0%	2,4%

### 3.1. Tekjur

Til að gera niðurstöðurnar að fullu samanburðarhæfar milli ára hafa niðurstöðurnar frá árunum 2005-2008 verið færðar á verðlag ársins 2009 með meðalhækkun vísitölu neysliverðs. Allar tölur eru sýndar sem krónur á innveginn mjólkurlíttra, kr/l.

Bæði **tafla 4 og 5** sýna að búgreinatekjur búanna hafa verið að dragast saman á tímabilinu.

**Tafla 4.** Tekjur á innlagðan lítra, meðaltal Sunnu-búanna.

Meðaltal Sunnu-búanna	2005	2006	2007	2008	2009
Afurðarstöðvarverð [kr/l]	64,9	62,6	61,2	67,1	68,8
Beingreiðslur/Gripagreiðslur [kr/l]	53,4	49,2	45,5	44,0	39,6
Nautgripakjöt [kr/l]	9,6	10,2	10,9	9,9	9,6
Aðrar búgreinatekjur [kr/l]	3,3	3,6	3,7	3,6	3,0
<b>Búgreinatekjur samtals [kr/]</b>	<b>131,2</b>	<b>125,6</b>	<b>121,3</b>	<b>124,6</b>	<b>120,9</b>

**Tafla 5.** Tekjur á innlagðan lítra, hjá 11 bestu Sunnu-búunum í BK.

Meðaltal 11 lægstu Sunnu-búa í BK	2005	2006	2007	2008	2009
Afurðarstöðvarverð [kr/l]	63,8	61,6	60,7	65,3	67,9
Beingreiðslur/Gripagreiðslur [kr/l]	53,2	48,0	43,9	41,5	37,4
Nautgripakjöt [kr/l]	6,9	7,5	9,5	7,4	7,7
Aðrar búgreinatekjur [kr/l]	2,7	2,2	1,9	2,8	1,6
<b>Búgreinatekjur samtals [kr/]</b>	<b>126,6</b>	<b>119,2</b>	<b>116,1</b>	<b>117,1</b>	<b>114,7</b>

Í **töflu 6** eru einstaka tekjuliðir bornir saman milli hópanna tveggja. Þar kemur fram að afurðarstöðvarverðið er heldur lægra að jafnaði hjá búunum með lægstan breytilegan kostnað. Það skýrist væntanlega af því meiri umframframleiðslu hjá þessum 11 búum. Beingreiðslurnar hjá þessum hópi eru einnig lægri og munurinn milli hópanna eykst eftir því sem líður á tímabilið. Það er í samræmi við niðurstöðuna í **töflu 3**, sem sýndi að framleiðsla þessara búna umfram greiðslumark eykst eftir því sem líður á tímabilið. Að þessu samanlögðu eru þessi bú, sem hafa að jafnaði lægstan breytilegan kostnað, að meðaltali með um 5% lægri búgreinatekjur.

Tafla 6. Samanburður milli hópanna.

Afurðarstöðvarverð			
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
2005	64,9	63,8	-1,7%
2006	62,6	61,6	-1,8%
2007	61,2	60,7	-0,8%
2008	67,1	65,3	-2,7%
2009	68,8	67,9	-1,3%
<b>Meðaltal</b>	64,9	63,9	-1,7%
Beingreiðslur/Gripagreiðslur			
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
2005	53,4	53,2	-0,4%
2006	49,2	48,0	-2,4%
2007	45,5	43,9	-3,6%
2008	44,0	41,5	-5,9%
2009	39,6	37,4	-5,7%
<b>Meðaltal</b>	46,3	44,8	-3,6%
Búgreinatekjur samtals			
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
2005	131,2	126,6	-3,6%
2006	125,6	119,2	-5,3%
2007	121,3	116,1	-4,5%
2008	124,6	117,1	-6,4%
2009	120,9	114,7	-5,4%
<b>Meðaltal</b>	124,7	118,8	-5,1%

### 3.2. Breytilegur kostnaður

Samanburður á breytilegum kostnaði milli hópanna tveggja er sýndur í **töflu 7**. Hjá þeim 11 bú sem hafa lægastan breytilegan kostnað að meðaltali er kjaranfóðurkostnaður um 9% lægri á tímabilinu að jafnaði og kjaranfóðurnýting að sama skapi um 7,5% hærra að meðaltali. Áburður og sáðvörur eru að meðaltali um 24% lægri hjá áðurnefndum hóp, rekstur búvéla um 36% lægri, rúlluplast og garn um 27% lægri, aðrar rekstrarvörur um 33% lægri, lyf og dýralækningar um 25% lægri og önnur þjónusta um 8% lægri. Á móti eru verktakagreiðslur um 13% hærra að meðaltali hjá þessum hópi. Varast ber að draga of mikla ályktanir af einstaka árum. Þar sem öll meðaltöl eru bein meðaltöl, ekki vegin, getur frávik á einstaka búi haft nokkur áhrif þegar einungis 11 bú eru í úrtaki. Þannig má til að mynda útskýra hækkun í liðnum aðrar rekstrarvörur milli árana 2008 og 2009 hjá búunum sem hafa að jafnaði lægstan rekstrarkostnað, sem frávik hjá einu búi. Almennt má segja að niðurstaðan í einstaka liðum sé mjög skýr, einungis önnur þjónusta sýnir eilítinn breytileika milli ára en þó ákveðna leitni.

Tafla 7. Samanburður á breytilegum kostnaði, kr/l, milli hópanna.


	Kjarnfóður			Rekstur búvéla			Lyf og dýralækningar		
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
2005	13,9	13,6	-2,4%	5,9	4,4	-34,7%	3,1	2,5	-26,2%
2006	16,0	14,7	-8,3%	6,0	4,7	-28,7%	2,8	2,3	-25,0%
2007	16,3	14,2	-14,7%	5,3	4,1	-29,3%	2,7	2,1	-30,7%
2008	15,8	13,8	-15,1%	5,9	4,5	-31,2%	2,5	2,0	-26,3%
2009	14,8	14,2	-3,8%	6,0	3,9	-55,0%	2,7	2,3	-14,9%
<b>Meðaltal</b>	15,4	14,1	-8,9%	5,8	4,3	-35,8%	2,8	2,2	-24,6%
	Kjarnfóðurnýting			Rúlluplast og garn			Verktakagreiðslur		
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
2005	0,86	0,90	4,2%	1,9	1,5	-29,8%	1,1	1,3	17,8%
2006	0,71	0,75	5,4%	2,2	1,9	-15,2%	1,0	1,2	15,5%
2007	0,81	0,89	8,8%	2,0	1,6	-25,9%	1,1	1,3	10,0%
2008	0,97	1,12	14,0%	2,1	1,5	-37,1%	1,9	2,1	12,3%
2009	1,06	1,12	5,1%	2,5	2,0	-26,3%	2,1	2,3	10,1%
<b>Meðaltal</b>	0,88	0,96	7,5%	2,1	1,7	-26,9%	1,4	1,6	13,2%
	Áburður og sáðvörur			Aðrar rekstrarvörur			Önnur þjónusta		
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
2005	7,5	6,4	-17,6%	3,1	2,1	-47,2%	7,7	6,7	-15,3%
2006	8,1	6,1	-33,3%	2,9	2,0	-46,3%	5,9	5,5	-7,9%
2007	8,6	6,9	-25,9%	2,9	2,3	-23,7%	6,0	5,6	-6,9%
2008	11,2	9,8	-15,0%	3,0	2,3	-32,3%	4,6	4,7	2,6%
2009	10,6	8,4	-26,7%	2,9	2,5	-17,4%	4,7	3,8	-13,4%
<b>Meðaltal</b>	9,2	7,5	-23,7%	2,9	2,2	-33,4%	5,8	5,3	-8,2%

Tafla 8 og mynd 1 sýna svo samanburð á breytilegum kostnaði samtals milli hópanna. Að meðaltali er breytilegur kostnaður um 14% lægri hjá þeim 11 búum sem hafa að jafnaði lægstan breytilegan kostnað, samanborið við meðaltal Sunnu-búanna. Mismunurinn milli hópanna sveiflast á þröngu bili á tímabilinu milli tæplega 13% upp í rúmlega 15%. Það bendir sterklega til að ár eftir ár sé sami munurinn til staðar. Breytileiki milli hópanna upp á að jafnaði 6,6 kr/l verður að teljast verulegur.

Tafla 8. Samanburður á breytilegum kostnaði samtals milli hópanna.

Breytilegur kostnaður samtals	2005	2006	2007	2008	2009	Meðaltal
Meðaltal Sunnu-búanna	46,7	46,4	46,3	48,5	47,7	47,1
Meðaltal 11 lægstu Sunnu-búa í BK	40,8	39,7	39,3	42,1	40,7	40,5
Mismunur [kr/l]	-5,9	-6,7	-7,0	-6,5	-6,9	-6,6
Mismunur [%]	-12,73%	-14,42%	-15,07%	-13,32%	-14,57%	-14,02%

Mynd 1. Breytilegur kostnaður samtals.




### 3.3. Framlegð

Í **töflu 6** sást að búgreinatekjur eru að jafnaði rúmlega 5% lægri hjá búunum sem hafa að jafnaði lægastan breytilegan kostnað. Á móti er breytilegur kostnaður þeirra að meðaltali um 14% lægri. Þetta þýðir, eins og sjá má í **töflu 9** og á **mynd 2**, að framlegð þeirra er mun hærri en meðaltal Sunnu-búanna. Hér er lágur breytilegur kostnaður lykilatríðið, því búgreinatekjur þessara búa eru eins og áður sagði lægri.

Tafla 9. Samanburður á framlegðarstigi milli hópanna.

Framlegðarstig	2005	2006	2007	2008	2009	Meðaltal
Meðaltal Sunnu-búanna	64,6%	63,1%	61,8%	61,1%	60,6%	62,2%
Meðaltal 11 lægstu Sunnu-búa í BK	67,8%	66,7%	66,1%	64,1%	64,5%	65,8%
Mismunur [%]	4,89%	5,75%	7,00%	4,83%	6,48%	5,78%

Mynd 2. Framlegðarstig.





### 3.4. Fastur kostnaður

Í töflu 10 er sýndur samanburður á föstum kostnaði milli hópanna. Fasti kostnaðurinn á að ráðast meira af uppbyggingunni og aðstæðum á hverjum búi, frekar en bústjórnarlegum þáttum sem breytilegi kostnaðurinn stjórnast af. Líkt og fyrir breytilega kostnaðinn eru þau bú sem að jafnaði hafa lægstan breytilegan kostnað, einnig með lægri fastan kostnað en meðal Sunnu-búið. Þannig er liðurinn tryggingar og skattar að jafnaði um 6% lægri, viðhald húsa og ræktunar um 3% lægri, annar kostnaður um 26% lægri, rafmagn og hiti um 19% lægri, rekstur bifreiða um 18% lægri og laun og launatengd gjöld um 3% lægri. Hafa verður í huga, eins og tafla 11, sýnir að þó að % mismunur sé til staðar þá er ekki um háar kr/l að ræða í öllum tilvikum. Einnig er rétt að benda á að allur kostnaður er reiknaður á kr/l. Skv. töflu 3, eru búin með lægast breytilegan kostnað að meðaltali með rúmlega 15% meiri framleiðslu á tímabilinu en meðal Sunnu-búið. Fleiri lítrar bera því að jafnaði fasta kostnaðinn fyrir þann hóp. Liðurinn annar kostnaður kann að vera skekktur vegna fjármögnunarleigusamninga sem gjaldfærðir eru á reksturinn.

Tafla 10. Samanburður á föstum kostnaði, kr/l, milli hópanna.


	Tryggingar og skattar			Rafmagn og hiti		
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
2005	2,2	2,3	3,0%	1,7	1,6	-8,3%
2006	2,0	1,8	-16,1%	1,6	1,4	-19,5%
2007	2,0	2,0	-3,0%	1,7	1,4	-19,6%
2008	2,1	1,9	-7,2%	1,9	1,5	-26,9%
2009	2,2	2,0	-8,6%	1,8	1,5	-22,4%
<b>Meðaltal</b>	2,1	2,0	-6,4%	1,7	1,5	-19,3%
	Viðhald húsa og ræktunar			Rekstrark. bifreiðar		
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
2005	4,5	3,6	-25,9%	4,1	3,4	-19,6%
2006	5,0	5,9	14,4%	3,9	3,3	-18,7%
2007	3,8	3,4	-9,4%	4,2	3,8	-12,3%
2008	4,4	4,6	5,2%	4,4	3,8	-17,8%
2009	3,9	3,9	-0,7%	4,5	3,8	-19,8%
<b>Meðaltal</b>	4,3	4,3	-3,3%	4,2	3,6	-17,6%
	Annar kostnaður			Laun og launatengd gjöld		
	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur	Sunna	Lægstu í BK	Mismunur
2005	6,8	6,2	-9,4%	3,7	3,2	-17,9%
2006	6,9	5,1	-35,2%	4,2	4,0	-6,9%
2007	5,9	5,1	-15,2%	3,7	4,5	18,3%
2008	4,4	3,2	-36,7%	3,0	2,7	-11,9%
2009	4,9	3,7	-32,8%	3,2	3,4	4,7%
<b>Meðaltal</b>	5,8	4,7	-25,9%	3,6	3,5	-2,8%

Tafla 11 og mynd 3 sýna svo samanburð á föstum kostnaði samtals milli hópanna. Að meðaltali er fastur kostnaður um 10% lægri hjá þeim 11 búum sem hafa að jafnaði lægstan breytilegan kostnað, samanborið við meðaltal Sunnu-búanna. Mismunurinn er ekki jafn afgerandi eins og fyrir breytilega kostnaðinn og meiri breytileiki innan einstakra liða. Munurinn er samt að jafnaði um 2,2 kr/l.

Tafla 11. Samanburður á föstum kostnaði samtals milli hópanna.

Fastur kostnaður samtals	2005	2006	2007	2008	2009	Meðaltal
Meðaltal Sunnu-búanna	23,0	23,8	21,2	20,2	20,5	21,7
Meðaltal 11 lægstu Sunnu-búa í BK	20,2	21,4	20,2	17,7	18,2	19,5
Mismunur [kr/l]	-2,8	-2,4	-1,1	-2,5	-2,3	-2,2
Mismunur [%]	-12,22%	-10,04%	-5,05%	-12,22%	-11,33%	-10,18%

Mynd 3. Fastur kostnaður samtals.



### 3.5. Rekstrarniðurstaða og efnahagur

Hagnaður, kr/l, fyrir laun, fyrningu, vexti og afborganir hefur lækkað nokkuð á tímabilinu á föstu verðlagi, sjá **töflu 12**. Það þýðir að búin hafa orðið fyrir tekjuskerðingu sem þessu nemur. Er hún nálægt 10% á þessu tímabili. Innbyrðis milli hópanna má sjá að búin með lægstan breytilegan kostnað að jafnaði, hafa að meðaltali um 5% meiri ráðstöfunartekjur en meðal Sunnu-búið. Þrátt fyrir að búgreinatekjur þeirra séu að meðaltali á tímabilinu rúmlega 5% lægri en hjá meðal Sunnu-búinu.

Tafla 12. Samanburður á hagnaði, kr/l, fyrir laun, fyrningu, vexti og afborganir.

Hagn. f. laun, fyrn., vex. og afborganir [kr/l]	2005	2006	2007	2008	2009	Meðaltal
Meðaltal Sunnu-búanna	66,0	59,7	57,4	58,5	56,9	59,7
Meðaltal 11 lægstu Sunnu-búa í BK	69,6	62,1	61,1	61,0	60,4	62,9
Mismunur [kr/l]	3,6	2,4	3,7	2,5	3,5	3,1
Mismunur [%]	5,46%	4,08%	6,48%	4,26%	6,11%	5,27%

Í **töflu 13** er sýndur samanburður á fyrningu milli hópanna. Fyrningin er áþekkt, að meðaltali yfir tímabilið. Hins vegar er nokkur breytileiki milli ára. Það ræðst líklega fyrst og fremst af þeirri fyrningaprósentu sem búin eru að nota.

**Tafla 13.** Samanburður á fyrningu, kr/l, milli hópanna.

<b>Fyrning samtals</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>Meðaltal</b>
<b>Meðaltal Sunnu-búanna</b>	40,6	34,8	32,7	25,0	19,4	30,5
<b>Meðaltal 11 lægstu Sunnu-búa í BK</b>	43,5	36,5	32,6	20,9	17,1	30,1
<b>Mismunur [kr/l]</b>	<b>2,9</b>	<b>1,7</b>	<b>-0,1</b>	<b>-4,1</b>	<b>-2,2</b>	<b>-0,4</b>
<b>Mismunur [%]</b>	<b>7,25%</b>	<b>4,80%</b>	<b>-0,32%</b>	<b>-16,46%</b>	<b>-11,58%</b>	<b>-1,21%</b>

Fjármagnsliðirnir eru sambærilegir milli hópanna, sjá **töflu 14**. Fyrstu þrjú ár tímabilsins eru hóparnir nánast samstíga. Í efnahagshruninu fara Sunnu-búin heldur verr út úr hruninu. Það gæti bent til þess að hlutfallslega væri stærri hluti af þeirra skuldum gengistryggður, eða var gengistryggður. Erfitt er að festa reiður á raunverulegri stöðu fjármagnsliðanna eftir dóma Hæstaréttar nú í sumar og haust, varðandi ólögmæta gengistryggingu á lánnum í íslenskum krónum.

**Tafla 14.** Samanburður á fjármagnsliðum milli hópanna.

<b>Fjármagnsliðir samtals</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>Meðaltal</b>
<b>Meðaltal Sunnu-búanna</b>	25,7	31,3	24,9	165,6	31,5	55,8
<b>Meðaltal 11 lægstu Sunnu-búa í BK</b>	25,1	31,3	22,7	127,9	28,9	47,2
<b>Mismunur [kr/l]</b>	<b>-0,6</b>	<b>0,0</b>	<b>-2,2</b>	<b>-37,7</b>	<b>-2,7</b>	<b>-8,6</b>
<b>Mismunur [%]</b>	<b>-2,39%</b>	<b>0,12%</b>	<b>-8,73%</b>	<b>-22,76%</b>	<b>-8,49%</b>	<b>-15,45%</b>

Mikill meirihluti þessara búa hafa staðið í einhverjum framkvæmdum og/eða fjárfestingum á síðustu árum. Efnahagsreikningar búanna eru litaðir af efnahagshruninu. Raunveruleg skuldastaða búanna liggur ekki fyrir, hún er þó í öllum tilvikum ekki verri en **tafla 15** sýnir. Hún ber með sér að meðalbúið muni komast í gengum hrúnið hjálparlaust. Breytileikinn er hins vegar mikill og fjárhagsstaða sumra búanna erfið.

**Tafla 15.** Samanburður á efnahag milli hópanna.

	<b>Skuldir í þús. kr.</b>			<b>Skuldir/Veltu</b>		
	<b>Sunna</b>	<b>Lægstu í BK</b>	<b>Mismunur</b>	<b>Sunna</b>	<b>Lægstu í BK</b>	<b>Mismunur</b>
<b>2007</b>	78.099	88.397	11,6%	2,28	2,24	-4,5%
<b>2008</b>	101.282	120.221	15,8%	3,08	2,81	-27,1%
<b>2009</b>	88.889	106.064	16,2%	2,68	2,49	-19,2%
<b>Meðaltal</b>	89.423	104.894	14,5%	2,68	2,51	-16,9%

#### **4. Umræður um niðurstöður**

Það tímabil sem þessi athugun nær yfir var erfitt tímabil í öllum rekstri á Íslandi. Ekki síst í rekstri sem byggir á erlendum aðföngum að stórum hluta en hefur eingöngu tekjur í innlandri mynt. Undir þann flokk fellur kúabúskapur. Aðföng hækkðu gríðarlega við gengishrun íslensku krónunnar á árinu 2008. Í kjölfarið voru í raun allt aðrar forsendur fyrir rekstrinum. Í niðurstöðum Sunnu-búanna á þessu árabili má sjá að á fyrri hluta þessa tímabils gekk reksturinn mjög vel hjá búum sem treystu mikið á aðkeypt tilbúið fóður, höfðu mjög hátt afurðarstig og háa framlegð á árskú. Eftir gengishrunið verða þessi bú að laga sig að breyttum aðstæðum ætli þau að halda sömu afkomu. Lágmarka þarf aðkeypt aðföng eins og kostur er. Í þessu ljósi er það mjög góður árangur að ná því að vera alltaf eða með einni undantekningu í hópi þeirra 20 búa í Sunnu-verkefninu sem hafa lægstan breytilegan

kostnað sl. 5 ár. Það sýnir sveigjanleika í rekstri og aðlögunhæfni í misjöfnu rekstrarumhverfi.

Sá breytileiki sem kemur í ljós í breytilegum kostnaði milli meðal Sunnu-búsins annars vegar og þeirra 11 búna sem hafa að jafnaði lægstan breytilegan kostnað hins vegar er eftirtektarverður. Ekki síst er það eftirtektarvert að þessi 11 bú virðast nota verktaka í meira mæli en önnur bú og því er sá kostnaður hærrí á þeim búum en öðrum. Samt sem áður eru þessi bú með þennan árangur þegar litið er á breytilegan kostnað í heild.

Tækist meðal Sunnu-búinu að lækka breytilegan kostnað sinn um 6,6 kr/l, líkt og þessi 11 bú hafa sýnt, myndi meðal Sunnu-búið auka ráðstöfunartekjur sínar um rúmlega 1,6 milljónir á ári eða um 135 þúsund krónur á mánuði. Þessu til viðbótar benda niðurstöðurnar til þess að meira aðhald megi einnig sýna varðandi fasta kostnaðinn. Þessum árangri verður þó ekki náð nema með skipulögðum og öguðum vinnubrögðum hvers bónda fyrir sig.

## 5. Samantekt

- Þessi 11 bú eru með að meðaltali tæplega 285.000 ltr framleiðslu á ári en meðaltal SUNNU-búanna með tæplega 240.000 lítra ársframleiðslu – munurinn um 19%.
- Búgreinatekjur 11 búanna eru um 5% lægri en viðmiðunarhópsins, kr/l.
- Afurðastig innlagt kg mjólkur á árskú er mjög svipað milli hópanna.
- Breytilegur kostnaður er um 14% lægri á þessum 11 búum en meðaltal hópsins, munurinn að jafnaði 6,6 kr/l. Þrátt fyrir þennan mun er verktakakostnaður meiri á úrtaksbúunum
- Allir liðir breytilegs kostnaðar eru lægri á úrtaksbúunum nema verktakakostnaður.
- Framlegðarstig úrtakshópsins er öll árin hærra en meðaltal SUNNU-búanna þrátt fyrir lægri búgreinatekjur kr/l, þar sem lægri breytilegur kostnaður vegur þann mun upp og meira en það.
- Fastur kostnaður, kr/l er öll árin lægri í úrtakshópnum, að meðaltali yfir árin er munurinn 2,2 kr/l
- Munurinn á ráðstöfnunartekjum úrtaksbúanna og meðaltal SUNNU-búanna er um 1,6 milljón krónur á ári – eingöngu út frá lægri breytilegum kostnaði – munurinn yrði meira ef fasti kostnaðurinn er einnig tekinn með.